

Skólaráðsfundur 9. maí 2023

Mætt voru: Jasmín Hall Valdimarsdóttir fulltrúi nemenda, Kristján Elvar Meldar fulltrúi kennara, Kristján Ingi Arnarsson fulltrúi foreldra barna leikskólans, Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans, Sara Kristinsdóttir fulltrúi foreldra nemenda grunnskólans, Stefanía Björg Jónsdóttir fulltrúi foreldra nemenda grunnskólans og Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri.

Forföll boðuðu: Katrín Lilja Ólafsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Ólafur Oddur Jónsson fulltrúi nemenda

Fundur hófst kl. 14. Haldinn í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar. Fundi lauk kl. 15.30.

1. Skóladagatöl leikskóla og grunnskóla

Endanleg útgáfa skóladagatala lögð fram og kynnt. Dagatöl hafa verið lögð fyrir fræðslunefnd og þau samþykkt þar.

2. Breyting á skipulagi skólaslitadags

Skólastjóri greinir frá breytingu á skipulagi skólaslitadags. Síðasti dagur grunnskólans er föstudaginn 2. júní. Vorhátíð lýkur kl.12.30 og strax á eftir grillhátíð að venju með foreldreldrafélaginu. Að þessu verður athöfn fljótlega eftir vorhátíðina og ekki seinna en kl. 13.30.

3. Skólastefna Dalabyggðar

Á fræðslunefndarfundum nr. 120, 3. maí 2023, var farið yfir stöðuna á gerð nýrrar skólastefnu Dalabyggðar. Lagt var til að næstu skref væru að fá aðra hagaðila að verkefninu; starfsmenn Auðarskóla og skólaráð. Skólastjóri kynnti stöðuna og útskýrði aðkomu skólaráðs. Skólaráði er ætlað að skoða drög að skólastefnunni. Skólaráð fá sent eintak af drögum skólastefnu. Skólaráð mun fá tíma til að rýna í drög og koma með ábendingar.

4. Skólanámskrá/Starfsáætlun

Skólastjóri útskýrir mun á skólanámskrá og starfsáætlun. Stefnt er að skólanámskrá skólans fari fyrir fræðslunefndarfund í byrjun júní. Starfsáætlun skólans verður tilbúin í september 2023. Skólaráð mun fá skólanámskrá til skoðunar eftir fræðslunefndarfund í júní. Skólaráð mun fá starfsáætlun í hendurnar á fyrsta fundi haustsins.

5. Gestanemendur

Lagt er inn til kynningar nýjar reglur Auðarskóla um gestanemendur. Á fræðslunefndarfundum nr. 120, 3. maí 2023, voru sömu drög kynnt og tóku nefndarmenn jákvætt í þær. Reglur um gestanemendur ræddar.

6. Auglýsing vegna starfsmanna fer að birtast

Auglýst verður eftir starfsmönnum skólans fyrir næsta skólaár. Breytingar eru í vændum og óljóst er hvað það leiðir okkur. Ekki hægt að greina frá nákvæmri stöðu en ljóst er að auglýsa þarf eftir nokkrum kennurum og stuðningsfulltrúum ásamt leikskólakennurum og deildarstjóra grunnskólans.

6. Næsti fundur 31. maí 2023

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði Herdís E. Gunnarsdóttir skólastjóri Auðarskóla